



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Fundur aðalstjórnar mánudagur 9. maí kl. 17:15.

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Victor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðuðu forföll.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt.
2. Fundaplan aðalstjórnar
Gert er ráð fyrir mánaðarlegum fundum aðalstjórnar. Fundir verða haldnir í Stjörnuheimilinu mánaðarlega kl. 17:15 – 18:45. Áætlaðir fundardagar eru 26/05, 23/06, 21/07, 18/08, 15/09, 20/10, 17/11, 15/12, 19/01, 16/02 og 16/03.
Félagsráðfundir verða haldnir 4x á starfsárinu, stefnt að fundum 26/5, 18/8, 17/11 og 16/02.
Stefnt er að kynningarfundum með bæjaryfirvöldum um mánaðamótin ágúst/september.
3. Samningur við Garðabæ
Samstarfssamningur Stjörnunnar og Garðabæjar lagður fram. Rætt um möguleg áhrif breytts samnings á rekstur félagsins. Framkvæmdastjóra falið að setja samninginn á vef félagsins.
Samningur Stjörnunnar og Garðabæjar um rekstur knattspyrnuvalla kynntur aðalstjórn.
Aðalstjórn telur mikilvægt að samningar félagsins við bæjaryfirvöld séu í stöðugri endurskoðun.
4. Fjárhagsráð
Aðalstjórn samþykkir stofnun fjárhagsráðs. Sigurður Bjarnason verður formaður ráðsins og Þorsteinn Þorbergsson, varaformaður. Frekari mönnun og útfærsla er í höndum SB og ÞÞ. Áhersla lögð á samráð við deildir. Ráðið mun gera tillögur til aðalstjórnar um útfærslu á hlutverki sínu og verkefnum.
5. Fundur með bæjaryfirvöldum
Aðalstjórn samþykkir að halda kynningarfund með bæjaryfirvöldum um mánaðamótin ágúst / september. Unnið verður að nánari útfærslu fundarins fram að boðun hans.
6. Stefnumótun
VE gerði grein fyrir undirbúningsvinnu vegna fyrirhugðrar stefnumótunar félagsins. Góður rómur gerður að fyrirbyggjandi uppleggi. VE og JSI munu vinna áfram að útfærslu verkefnisins sem gert er ráð fyrir að hrint verði í framkvæmd í haust og niðurstöður kynntar á aðalfundi félagsins vorið 2012.
7. Kostnaður við afreksstarf
Rætt um kostnað við afreksstarf félagsins og mögulega fjármögnun þess. Einnig um hvaða munur er á kostnaði við afreksstarf í efstu deild og neðri deildum. Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir væntan kostnað við afreksstarf deilda í samráði við gjaldkera aðalstjórnar.
8. Nefndir félagsins
Aðalstjórn samþykkir skipan neðangreindra nefnda fyrir starfsárið. Nefndunum verða sent erindisbréf.

Afmælisnefnd

Nefndina skipa fimm menn. Nefndin er skipuð tímabundið tveimur árum fyrir heils tugar afmæli félagsins og lýkur störfum í lok afmælisárs. Verkefni nefndarinnar er að skipuleggja, undirbúa og annast hátíðarhöld vegna heils tugar afmælis í samráði við aðalstjórn.

Ekki starfandi á þessu starfsári.

Fjárhagsnefnd

Nefndina skipa gjaldkeri og framkvæmdastjóri félagsins. Verkefni nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir aðalstjórn félagsins og stjórnir deilda varðandi fjárhagsleg málefni og úrlausn vandamála af fjárhagslegum toga.

Kvennahlaupsnefnd



Nefndin annast framkvæmd kvennahlaups í Garðabæ. Óskað er eftir að nefndin skjalfesti lýsingu á hlutverki, markmiði og verkefnum nefndarinnar, sem leggja grunn að erindisbréfi fyrir nefndina síðar.

Anna Möller formaður, Sigrún Dan, tengiliður aðalstjórnar við nefndina og starfar með henni. Frekari mönnun nefndarinnar er í höndum formanns. Allar fjárhagsskuldbindingar skulu gerðar í samráði við framkvæmdastjóra.

Mannvirkjanefnd

Nefndina skipa 3 menn. Verkefni nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir aðalstjórn félagsins varðandi uppbyggingu og nýtingu þeirra mannvirkja sem félagið hefur með höndum, þmt Stjörnuheimilið.

VO formaður, SB og ÞÞ skipa nefndina.

Töflunefnd

Ásta Garðarsdóttir íþróttafulltrúi félagsins verði formaður nefndarinnar. Vinnur með bogu í deildum félagsins og kallar eftir samstarfi fleiri aðila.

Laganefnd

Umræðu um laganefnd frestað

Búninganefnd

Umræðu um búninganefnd frestað

9. Félagsmálanámskeið UMSK

Framkvæmdastjóra falið að fá fulltrúa UMSK til að halda opið félagsmálanámskeið í Stjörnuheimilinu á haustdögum. Stefnan er að fá sem flesta til að mæta en mikilvægt er að fá allar stjórnir deilda auk aðalstjórnar. Markmiðið er að leggja grunn að sameiginlegum skilningi á félagsmálum.

10. Íþróttaskóli

Stöðublað frá íþróttafulltrúa lagt fram.

11. Fundasköp aðalstjórnar

Drög að fundasköpum aðalstjórnar lögð fram. Málinu vísað til formanns til frekari úrvinnslu.

12. Erindisbréf stjórnar og nefnda

Tillaga að erindisbréfum rædd, vísað til formanns til frekari úrvinnslu.

13. Reglugerð um búninga

Frestað.

14. Reglugerð um merki félagsins

Frestað.

15. Reglugerð um veitingu viðurkenninga

Frestað.

16. Verkefnalisti

Drög að verkefnaskjali aðalstjórnar lögð fram.

17. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóra falið að finna glaðning fyrir nýgiftan íþróttafulltrúa félagsins.

Fundi slitið kl. 21:15

Ritað PGr